


# SKIPULAGSFULLTRÚI UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU

Bláskógabyggð / Grímsnes-og Grafningshreppur / Hrunamannahreppur / Skeiða-og Gnúpverjahreppur  
dalbraut12, 840 laugarvatn sími: 486-1145 nf: petur@sudurland.is

**Efni: Breyting á skipulagsskilmálum frístundabyggðar í landi Hests í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

## Deiliskipulagssvæði



Deiliskipulagið var unnið af verkfræðistofunni Forverk og er dagsett janúar 1997.

*Grein 2.3. í greinargerð skipuagsins hljóðar svo:*

2.3. *Staðsetning húss á lóð er frjáls innan byggingarreits, en byggingarreiturinn er oftast 15 m frá norðaustur og norðvestur mörkum og 25 m frá suðaustur og suðvestur mörkum. Við staðsetningu húss skal huga að hagkvæmni vegna lagna og aðkomu. Hús skulu vera einnar hæðar og út timbri. Hæð útveggja skal frá gólfi upp á efri brún sperru skal mest vera 2.70 m. Þakhalli skal vera á bilinu 15-45 gráður. Hámarks grunnflötur húsa sé 80 m<sup>2</sup>. Mænisstefna skal vera eftir landhalla eða þvert á hann. Gólfhæð verði sem lægst yfir jörðu, en miðast við aðstæður á hverjum stað. Á hverri lóð er einungis leyfilegt að byggja eitt sumarhús. Leyfilegt er að byggja 10-15 m<sup>2</sup> verkfærageymslu við hvern bústað. Almenn til vísast til ákvæða gildandi byggingarreglugerðar um efni og gerð húsa.*


Tillaga að breytingu hljóðar svo(breytingar feitletraðar):

2.3. Staðsetning húss á lóð er frjálss innan byggingarreits, en byggingarreiturn er oftast 15 m frá norðaustur og norðvestur mörkum og 25 m frá suðaustur og suðvestur mörkum. Við staðsetningu húss skal huga að hagkvæmni vegna lagna og aðkomu og að hús skyggi ekki á útsýni nærliggjandi bústaða. Hús skulu vera einnar hæðar og úr timbri eða öðru léttu byggingarefni. Steinsteypa er leyfileg í þeim tilgangi að laga húsin að landslagi. Við lítaval bústaða skal miða við jarðliti og þök skulu vera í skala dökkra jarðlita. Hæð útveggja skal frá gólfi upp á efri brún sperru skal mest vera 2.70 m. Þakhalli skal vera á bilinu 15-45 gráður. Hámarks grunnflötur húsa sé 150 m<sup>2</sup>. Mænisstefna skal vera eftir landhalla eða þvert á hann. Gólfhæð verði sem lægst yfir jörðu, en miðast við aðstaður á hverjum stað. Á hverri lóð er einungis leyfilegt að byggja eitt sumarhús. Leyfilegt er að byggja allt að 40 m<sup>2</sup> aukahús við hvern bústað. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar er 0.03. Almennt vísast til ákvæða gildandi byggingarreglugerðar um efni og gerð húsa.

Notast skal við ljósabúnað og lýsingu sem beinir ljósinu niður til jarðar.

Þess sé gætt að trjágróður á lóðum sé ekki það hár og þéttur að hann spilli útsýni frá aðliggjandi bústöðum.

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð sky 1 mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 15. Mars 2007



24. apríl 2007

Pétur Ingi Haraldsson